

Nd.

43. Frumvarp

til laga um tekju- og eignarskatt til atvinnubóta.

Flutningsm.: Jónas Þorbergsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að leggja á skattþegna landsins sérstakan tekju- og eignarskatt eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Til grundvallar fyrir skattaálagningu samkvæmt 1. gr. ber að leggja skattskyldar tekjur og eignir samkvæmt ákvörðunum skattanefnda (skattstjóra) eða yfirskattanefnda árið 1931, með þeim breytingum, sem leiðir af ákvæðum 5. gr. þessara laga um persónufrádrátt.

3. gr.

Tekjuskattur sá, sem um ræðir í 1. gr., reiknast af skattskyldum tekjum samkv. lögum þessum þannig:

Af 4000—12000 kr. greiðist	40 kr. af 4000 og 2%	af afgangi
— 12000—20000 — —	200 — — 12000 — 2½%	— —
— 20000—50000 — —	400 — — 20000 — 3%	— —
— 50000 og þar yfir — —	1300 — — 50000 — 3½%	— —

4. gr.

Eignarskattur sá, sem um ræðir í 1. gr., leggist á skattskyldar eignir, er nema 30000 kr. og þar yfir, og skal vera jafnhár þeim eignarskatti, sem lagður hefir verið á þær eignir árið 1931 samkvæmt lögum nr. 74, 27. júní 1921.

Ákvæði 3. og 4. gr. laga þessara gilda um alla þá, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74, 27. júní 1921, jafnt félög sem einstaklinga.

5. gr.

Áður en fundnar eru skattskyldar tekjur samkvæmt lögum þessum ber að draga frá hreinum tekjum skattþegna, eins og þær hafa verið ákveðnar árið 1931 af skattanefndum (skattstjóra) eða yfirsattanefndum, sem hér segir:

- a) Fyrir einstakling: Í Reykjavík 1000 kr., annarsstaðar á landinu, 700 kr.
- b) Fyrir hjón: Í Reykjavík 2000 kr., annarsstaðar á landinu 1400 kr.
- c) Fyrir börn og aðra skylduómaga, sem um ræðir í 13. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921: Í Reykjavík 700 kr., annarsstaðar á landinu 500 kr.

6. gr.

Skattanefndir (skattstjóri) annast um álagningu skatts samkvæmt lögum þessum og lögreglustjórar um innheimtu, eftir nánari fyrirmælum ríkisstjórnarinnar.

7. gr.

Neyti ríkisstjórnin heimildar samkvæmt lögum þessum, ber henni að verja skattinum til atvinnubóta.

Ríkisstjórnin setur, að fengnum tillögum verkalýðsfélaga og sveitar- og bæjarstjórna, nánari reglur um það, hverjir skuli njóta dýrtíðarvinnu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1931.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram vegna þess sérstakaástands, sem nú ríkir í atvinnulífi þjóðarinnar. Hin almenna viðskipta- og fjárhagskreppa, sem nú gengur yfir í öllum löndum, hefir komið niður á atvinnuvegum vorum og þjóðfrankvæmdum og kippt mjög úr eðlilegum framkvæmdum. Húsasmiði er nú stórum minni en á undanfórnum árum, vegagerðir sömuleiðis. Fiskafli hefir að visu verið mikill að vöxtum, en sala fiskjarins treg, það sem af er árinu. Loks eru mjög slæmar horfur um afkomu sildarútgerðar, enda útgerðin stórum minni en

undanfarið, þar sem sildarbræðslustöðvarnar í landinu starfa sumar lítið og sumar alls ekki. Auk þess þrengja erlendir keppinautar um veiðina kosti íslenzkrar útgerðar meira og meira með hverju ári, sem liður.

Eins og atvinnuskipul. þjóðarinnarerháttað, eru engar ráðstafanir gerðar til róttækrar tryggingar atvinnuvegunum á kreppuárunum. Sérhvert það fyrirtæki, sem rekið er af forsjá, hvort heldur er í atvinnu eða viðskiptum, kappkostar að eignast varasjóð, til þess að mæta áföllum. *En á bak við sjálfa höfuðatvinnuvegi landsins eru engir varasjóðir.* Þegar kreppu ber að höndum, verður því annaðtveggja, að of nærri er gengið atvinnufyrirtækjunum ellegar almúgi manna gengur með rýran hlut frá borði og verður að liða skort og jafnvel fulla neyð.

Ráðið gegn þessum stórfelldu misfellum í atvinnulífinu virðist hljóta að vera það, að stofna *varasjóð atvinnuveganna*, sem fái tekjur sínar í góðærum og hafi sama hlutverk að vinna eins og fleygihjól í aflvél, sem ber arma hennar yfir dauða punkta. Þesskonar ráðstafanir, skynsamlega framkvæmdar, myndu koma í veg fyrir það, að of nærri yrði gengið atvinnuvegunum með kaupgjaldsgreiðslum á krepputímum, og jafnframt það, að neyðin klappi á dyrnar hjá verkalyðnum, jafnskjótt og atvinna bregzt að meira eða minna leyti.

Þar sem engar þær tryggingarráðstafanir, sem hér hefir verið minnzt á, hafa verið gerðar, en sá afgangseyrir, sem orðið hefir í rekstri atvinnuveganna, hefir gengið allur til einstakra manna, annaðhvort sem beinn hagnaður af atvinnurekstrinum, ellegar gegnum almenn viðskipti, þá virðist sanngjarnt, að þeir sömu menn leggi nokkuð af mörkum, til þess að afstýra skorti meðal þeirra verkamanna, sem hafa unnið að framleiðslunni, án þess að geta lagt fyrir afgangseyri, til þess að mæta atvinnuleysi og krepputímum

Er ætlað til þess, að með frumvarpi þessu verði stigið spor í þessa átt.

Rétt þykir að fara nokkrum orðum um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gefur ekki tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 2. gr.

Eins og orðalag greinar þessarar ber með sér, er mælt svo fyrir, að skatturinn reiknist nákvæmlega eftir síðustu framtölum manna til skatts eins og þau hafa verið úrskurðuð af skattanefndum og yfirskattanefndum. Ennfremur ber að reikna með tekjum og eignum þeirra, sem ekki hafa talið fram, eins og nefndirnar hafa áætlað þær við skattaálagningu á þessu ári. Þótt hreinar tekjur skattþegna fyrir 1930 verði þannig lagðar til grundvallar samkvæmt ákvörðunum skattanefnda, verða skattskyldar tekjur samkvæmt frumvarpinu eigi þær sömu og við álagningu tekju- og eignarskatts á þessu ári, og veldur því, að persónufrádráttur í þessu frumvarpi er ákveðinn nokkuð hærrí en í gildandi skattalögum frá 1921.

Um 3. gr.

Það þykir eigi réttlátt að leggja skatt samkvæmt frumvarpi þessu á lægri tekjur skattskyldar samkvæmt því en 4000 kr., og er lægsta tekjuskattsgjald kr.

40. Getur það vart talizt þungt viðbótar-álag á mann með 4000 kr. skattskyldar tekjur. Einhleypur maður með 5000 kr. hreinar tekjur í Reykjavík borgar því 40 kr. samkvæmt þessu, og maður með 5 manna heimili í Rvík og 8800 kr. hreinar tekjur borgar sömu upphæð. Skattgjaldið fer síðan smástigandi eftir því, sem tekjur hækka.

Nokkrir erfiðleikar eru á því að gera nákv. áætlun um það, hve mikill skattur muni fást samkvæmt þessum tekjuskattsstiga. Veldur því, að eigi eru til ennþá fullkomnar skýrslur um álagningu tekjuskatts í ár, og þó einkum, að persónufrádráttur er í þessum lögum settur öðruvísi en í gildandi skattalögum, og ruglar það grundvelli þeim, er á verður að byggja útreikninga í þessum efnun. En samkv. því, sem næst verður komizt, með því að miða við ýtarlegar skýrslur, sem fyrir liggja um tekjuskattsálagningu (þ. á. m. tekjuflokkun) árið 1930 í Reykjavík, en tekjur einstaklinga yfirleitt, a. m. k. í Reykjavík, 1929 voru svipaðar og 1930, verður tekjuskattur á öllu landinu samkvæmt þessari grein eigi langt frá kr. 200000, og þó sennilega heldur yfir en undir þeirri upphæð.

Um 4. gr.

Eigi þótti rétt að byrja álagningu eignarskatts samkvæmt frumvarpinu á lægri eignum en 30000 kr.

Samkvæmt núgildandi skattalögum er skattur á eignum mjög lágur, og er því eðlilegt, að eignarskattur samkvæmt þessum lögum verði hár í hlutfalli við þann, sem fyrir er, enda þykir eigi annað réttlátara en að hafa hann jafnháan núverandi eignarskatti.

Samkvæmt þessu mundi sá, sem á 100000 kr. skuldlaus eign, greiða kr. 221,00 í skatt samkvæmt þessum lögum í viðbót við kr. 221,00, sem á hann hafa verið lagðar áður á þessu ári, og sá, sem á 50000 kr. skuldlaus eign, 71 kr.

Samkvæmt skýrslum um álagningu eignarskatts í Reykjavík á þessu ári og skýrslum um skattskyldar eignir utan Reykjavíkur, sem þó eru eigi til sundurliðaðar yngri en frá 1927, mundi skatturinn eigi verða undir 160000 kr.

Verður því að gera ráð fyrir, samkvæmt framanrituðu, að skattur samtals samkvæmt þessu frumvarpi yrði eigi fjarri 360000 kr.

Um 5. gr.

Mönnum hefir verið það ljóst lengi, að persónufrádráttur sá, sem lögfestur er í núgildandi skattalögum, er of lágur, einkum í kaupstöðum, og er því skattur fjölskyldumanna of hár samanborið við skatt þeirra, sem eigi hafa ómaga til framfærslu.

Þykir sjálfsagt að leiðrétta þetta að því er snertir skatt samkvæmt þessu frumvarpi. Árangurinn af þessu er sá, að fjölskyldumenn sleppa mun betur við þennan skatt en þann, sem á er lagður samkvæmt gildandi skattalögum. Sést þetta greinilega á dæmi því, sem tekið er í umsögn um 3. gr.

Um 6. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 7. gr.

Rétt þykir að fela ríkisstjórninni framkvæmd málsins. Er til þess ætlazt, að hún verji fénu til framkvæmda opinberra verka, sem fyrir liggur að hrinda í framkvæmd, og leiti tillagna verkalýðsfélaga, sveitar- og bæjarstjórna um það, hverjir skuli verða aðnjótandi vinnunnar.

Um 8. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.